

Nd.

1109. Nefndarálit

[119. mál]

um frv. til l. um lögverndun á starfsheiti kennara.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og sent það til umsagnar. Minni hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Frumvarp þetta var flutt snemma á yfirstandandi þingi og var við gerð þess haft samráð við stjórn Bandalags kennarafélaga sem sent hafði þingflokkum sérstakt erindi um þetta efni í september 1984. Um svipað leyti og frv. var lagt fram lýsti Ragnhildur Helgadóttir menntamálaráðherra yfir því að ráðuneyti hennar hygðist flytja mál sama efnis. Skipaði menntamálaráðherra nefnd til að vinna að samningu slíks stjórnarfrumvarps og hóf nefndin störf 24. okt. 1984. Í henni áttu m. a. sæti fulltrúar frá Bandalagi kennarafélaga.

Við 1. umr. um þetta frv., sem nú liggur fyrir, beindi menntamálaráðherra þeim tilmælum til menntamálanefndar að fjalla um væntanlegt frumvarp samtímis. Við umræður í þinginu lýsti ráðherra því ítrekað yfir að nefnt stjórnarfrumvarp væri senn fullbúið, síðast þann 19. febr. s. l. Þetta hefur hins vegar ekki gengið eftir og nefnd sú, er vann að málinu á vegum menntamálaráðuneytisins, hefur ekki verið kvödd saman síðan 22. febr. s. l. Var starfi nefndarinnar þá nánast lokið, aðeins eftir að ganga frá leiðréttingum og fullræða eina grein sem varðaði réttindanáms fyrir réttindalaust fólk í kennslustörfum að því er fram kemur í Félagsblaði BK í maí 1985.

Í svari við fyrirspurn 14. maí 1985 um hvað liði stjórnarfrumvarpi um lögverndun á starfsheiti kennara greindi menntamálaráðherra frá því að ekki væri að vænta slíks frumvarps eins og sakir stæðu. Af hálfu menntamálaráðherra og fulltrúa meiri hl. menntamálanefndar hefur heldur ekki komið fram áhugi á að ná samkomulagi um það frumvarp sem nú liggur fyrir og leggur meiri hl. til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Minni hl. telur hins vegar að eðlilegt sé að lögfesta þau ákvæði sem í frumvarpinu felast og að með því sé komið til móts við réttmætar óskir kennara um leið og gætt er nauðsynlegs sveigjanleika með ákvæðum 3. gr. og ákvæði til bráðabirgða. Því leggur minni hl. til að frv. verði samþykkt.

Guðrún Agnarsdóttir er áheyrnarfulltrúi í menntamálanefnd og er hún samþykk þessu álit.

Alþingi, 3. júní 1985.

Jón Baldvin Hannibalsson,
fundaskr.

Hjörleifur Guttormsson,
frsm.

Kristín S. Kvaran.